

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. september 2012


Tilvisun: UST20120900022/óaj


Lagning vetrarvegjar við Útnesveg í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Við er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum. Um er að ræða gerð vetrarvegjar vegna fannfergis og snjósöfnunar í vegskeringu um 0,5 km norðvestur af Purkhólum. Er umræddur kafli oftast eini farartálminn frá Rifi um Þjóðgarðinn að Fróðárheiði. Vegslóðinn verður 200 metra langur á kanti vegskeringarinnar. Mun vegurinn nýttast sem áningarstaður þegar snjór teppir ekki umferð um aðalveginn. Hugmyndin hefur þegar verið kynnt þjóðgarðsverði og öðrum starfsmönnum Umhverfisstofnunar. Áætluð efnisþörf er um 500 m³ sem teknar verði úr opnum námum, þar af 150 m³ af efni sem tekið verði innan þjóðgarðsins í ysta lag vegarins til að fella veginn betur í landið þannig að hann verði nær samlitur umhverfinu.

Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar hafi Purkhólakrauni verið raskað á þessu svæði með vegagerð og mun fyrirhugaður vegur að líkindum hafa takmörkuð áhrif á hraun umfram núverandi veg. Vegurinn mun liggja ofan á hraunkantinum samhliða þjóðvegi og verða lítt áberandi þar sem fyrirhugað er að nýta efni sem hefur sambærilegan lit og nærumhverfi hans í efsta lag vegarins. Því mun vegurinn að mati Umhverfisstofnunar ekki hafa veruleg neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Það er því álit Umhverfisstofnunar að framkvæmdin komin til með að hafa óveruleg staðbundin áhrif á umhverfið en því er við að bæta að vegurinn mun nýttast þjóðgarðinum sem áningar- og útsýnisstaður á sumrin. Umhverfisstofnun telur því ekki líkur á að vegurinn muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri